

Sveitarfélagið
ÁRBORG



Starfsáætlun

Zelsíuz 2026-2027



Efnisyfirlit

Inngangur	4
Leiðarljós í félagsmiðstöðinni	4
Virki þátttaka	4
Lýðræði	4
Reynslunám	5
Forvarnarstarf	5
Öruggt umhverfi	5
Hlutverk Zelsíuz	5
Gildi	5
Fjölbreytileiki	5
Samvinna	6
Gleði	6
Traust	6
Zelsíuz	6
Útibú í Stekkjaskóla	6
Miðstig (5.- 7.bekkur)	7
Unglingastig (8.- 10.bekkur)	8
Miðstigsstarf 5.-7. bekkur	8
Unglingastarfi 8.-10. bekkur	8
Hinsegin Zelsíuz	8
Sértækt hópastarfi	9
Unglingaráð	9
Viðburðir	10
Flexið (Sérstuðningur Zelsíuz)	10
Exið	10
Reglur í Zelsíuz	11

Mannauður	11
Innra mat	12
Samstarf á fjölskyldusviði	13
Kynningar og heimsóknir	14
Flakkandi Zelsíuz	14
Framtíðarsýn og þróun Zelsíuz	15

Inngangur

Sveitarfélagið Árborg starfrækir félagsmiðstöðina Zelsíuz sem hefur verið starfrækt síðan árið 1980. Í Zelsíuz er boðið upp á uppbyggilegt frístundastarf fyrir 10 - 16 ára börn og unglinga í frítíma þeirra. Áhersla er lögð á að ná til þeirra barna og unglinga sem þarfnast félagslegs stuðnings og að bjóða upp á fjölbreytileg viðfangsefni. Unnið er í klúbbum, sértæku hópastarfi, einstaklingshittingum, opnu starfi og loks stendur félagsmiðstöðin fyrir stórum sem smáum viðburðum.

Starfsáætlun þessi er unnin af forstöðumanni Frístundahúsa Árborgar. Áætlunin gildir fyrir skólaárið 2026-2027. Zelsíuz heyrir undir Frístundaþjónustuna á Fjölskyldusviði og þjónustar öll börn og unglinga í Sveitarfélaginu Árborg, 463 börn á miðstigi og 509 á unglingastigi.

Félagsmiðstöðin Zelsíuz heldur úti fjölbreyttri dagskrá í samstarfi við Z-ráðið sem tekur mið af áhugamálum unglinganna hverju sinni. Félagsmiðstöðin kappkostar að stuðla að jákvæðum og þroskandi samskiptum meðal barna og unglinga og örva félagsþroska þeirra og lýðræðisvitund. Félagsmiðstöðin Zelsíuz vinnur einnig markvisst að forvarnarmálum og valdeflingu en starfsmenn hennar notast við aðferðafræði reynslunáms.

Leiðarljós í félagsmiðstöðinni

Félagsmiðstöðin Zelsíuz býður upp á frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Virk þátttaka, reynslunám, forvarnir og lýðræði er leiðarljós í starfi Zelsíuz. Leiðarljósið byggist á sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins.

Virk þátttaka

Með virkri þátttöku er leitast til þess að börn og unglingar taki virkan þátt í starfi Zelsíuz. Markmið þess er að þau læri að eiga uppbyggilegan frítíma ásamt því að vera hluti af samfélagi.

Lýðræði

Lýðræði er grunnþáttur starfsins, hugmyndafræði barna- og unglingalýðræðis þjálfar börn og unglinga í að virða skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í spor annarra. Þetta styrkir sjálfsmynd þeirra, eflir gagnrýna hugsun og eykur víðsýn. Ætlast er til að börn og unglingar læri að hafa áhrif á líf sitt og starf. Börn og unglingar fá þjálfun í að virða skoðanir sínar, hlusta á aðra og setja sig í spor annarra. Leitast er við að efla virkni, sjálfstæði og ábyrgð þeirra sem einstaklinga og hvetja þau til að hafa mótandi áhrif á nærumhverfi sitt og samfélag.

Reynslunám

Reynslunám er ferli þar sem einstaklingurinn byggir upp þekkingu, öðlast færni og breytir gildismati sínu vegna beinnar reynslu af þátttöku í verkefnum. Leitast er við að nýta aðferðarfræði reynslunáms á sem fjölbreyttastan hátt í starfi Zelsíuz.

Forvarnarstarf

Í frístundastarfi er mikilvægt að efla og styrkja heilsu og velferð, hlúa að verndandi þáttum og lágmarka áhrif áhættuþátta í umhverfi barna og unglinga. Einn þáttur í virku forvarnarstarfi er að fjölga jákvæðum fullorðnum fyrirmyndum í nærumhverfi barna og unglinga. Því er leitast eftir að ráða til starfa faglegt, öflugt og áhugasamt starfsfólk í félagsmiðstöðina sem uppfyllir hlutverkið jákvæð fullorðin fyrirmynd með sóma.

Öruggt umhverfi

Í félagsmiðstöðinni er mikilvægt að börn og ungmenni upplifi sig örugg. Öruggt til þess að vera þau sjálf og tjá sig á þann hátt sem þau kjósa.

Hlutverk Zelsíuz

Hlutverk félagsmiðstöðvarinnar er tvíþætt. Annars vegar að bjóða börnum og unglingum á aldrinum 10 -16 ára upp á frístundastarf sem hefur forvarnar-, uppeldis og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Hins vegar að bjóða upp á aðstöðu til afþreyingar og samveru með jafnöldrum í öruggu umhverfi undir handleiðslu starfsmanna. Áhersla er lögð á að virkja börn og unglinga til virkrar þátttöku og framkvæmda í starfinu, einkum þau sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna félagslegra aðstæðna. Starf á vegum félagsmiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglinga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu. Lýðræði er grunnþáttur í starfi Zelsíuz, börn og unglingar fá þjálfun í að tjá skoðanir sínar.

Gildi

22. febrúar 2022, á sameiginlegum starfsdegi frístundastofnana í Árborg, voru sett sameiginleg gildi fyrir frístundastarf í sveitarfélaginu. Gildin sem voru ákveðin voru Fjölbreytileiki - Samvinna - Gleði - Traust

Fjölbreytileiki

- Öll börn og ungmenni eru velkomin
- Mætum þörfum hvers og eins með styrkleika þeirra að leiðarljósi
- Fjölbreyttur hópur starfsfólks með mismunandi styrkleika og færni
- Stuðlað er að virku barna- og ungmennalýðræði
- Sveigjanleg og fjölbreytt starfsemi

Samvinna

- Stuðlum að góðum starfsanda
- Öflugt þverfaglegt samstarf
- Leggjum áherslu á gott samstarf við samfélagið
- Vinnum markvisst með fjölbreytt hópastarf

Gleði

- Opin jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Lögð er áhersla á að efla félagsfærni
- Ýtum undir sköpunargleði og frelsi
- Höfum gaman og leikum okkur
- Stuðlum að geðheilbrigði

Traust

- Lögð er áhersla á virkt upplýsingaflæði
- Þekkir starfsfólk rétt sinn og ábyrgð í leik og starfi
- Virðum trúnað og tilkynningarskyldu
- Fagleg og vönduð vinnubrögð
- Erum til staðar fyrir hvert annað

Zelsíuz



Zelsíuz er félagsmiðstöð fyrir börn og unglinga í 5.-10.bekk og er með starfsstöðvar á þrem stöðum, frístundahúsi Árborgar að Austurvegi 2a, í gamla skólanum á Stokkseyri og í Stekkjaskóla. Starfið í félagsmiðstöðinni er tvíþætt annars vegar fyrir 5.-7.bekk hér eftir talað um sem miðstigsstarf og fyrir 8.-10.bekk hér eftir talað um sem unglingastarf.

Útibú í Stekkjaskóla

7. september 2026 opnaði Zelsíuz nýtt útibú í Stekkjaskóla. Opnunin er liður í þeirri þróun að færa félagsmiðstöðvarstarf nær börnum og unglingum og auka aðgengi þeirra að fjölbreyttu og faglegu frístundastarfi í sínu nærumhverfi.

Verkefnastjóri Zelsíuz í Stekkjaskóla og heldur utan um daglegt starf útibúsins. Starfið fer fram bæði á skólatíma og utan hans. Boðið er upp á opnanir í frímínútum og hádegishléum alla virka daga auk tveggja kvöldopnana í viku fyrir unglingastig og þriggja eftirmiðdegisopnana fyrir miðstig.

Markmið starfsins er að skapa öruggt, jákvætt og aðgengilegt félagslegt umhverfi þar sem börn og unglingar geta hitt jafnaldra, tekið þátt í fjölbreyttum viðfangsefnum og haft áhrif á starfið. Áhersla er lögð á virkni, þátttöku, félagsfærni, jákvæð samskipti og að styrkja tilfinningu ungmenna fyrir því að tilheyra samfélaginu.

Samþætting skóla- og frístundastarfs er jafnframt mikilvægur þáttur fyrir Stekkjaskóla. Með því að hafa fagmenntað starfsfólk félagsmiðstöðvar til staðar innan skólans bætist við þekking og reynsla af óformlegu námi, hópastarfi, félagslegum samskiptum og þátttöku ungmenna. Nálægðin auðveldar samstarf ólíkra fagstétta og skapar tækifæri til að bregðast fyrir við áskorunum og styðja við félagslega stöðu nemenda.

Verkefnastjóri Zelsíuz í Stekkjaskóla situr í lausnarteymi skólans og tekur þar þátt í þverfaglegu samstarfi um málefni nemenda og skólasamfélagsins. Með því tengist félagsmiðstöðvarstarfið enn betur inn í stuðnings- og forvarnarstarf skólans og sjónarhorn frítímans fær aukið vægi í þeirri vinnu.

Nemendaráð Stekkjaskóla er jafnframt samstarfsverkefni skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Samstarfið skapar vettvang þar sem hægt er að efla lýðræðislega þátttöku nemenda, gefa þeim raunverulegt tækifæri til áhrifa og tengja rödd þeirra bæði við skólastarfið og félagsmiðstöðvarstarfið.

Með þessari nálgun verður Zelsíuz ekki eingöngu starfsemi sem fer fram að loknum skóladegi heldur hluti af daglegu umhverfi ungmennanna. Það skapar tækifæri til að byggja upp sterkari tengsl við nemendur, auka samfellu milli skóla og frítíma og vinna sameiginlega að velferð, þátttöku og félagslegri virkni barna og ungmenna.

Opnunartímar Zelsíuz eru eftirfarandi:

Miðstig (5.- 7.bekkur)

Mánudagur kl. 17:00 - 18:30 í Sunnulækjarskóla

Þriðjudagur kl. 17:00 - 18:30 á Stokkseyri og í Stekkjaskóla

Miðvikudagur kl. 14:00-15:30 í Stekkjaskóla og kl. 17:00 - 18:30 í Vallaskóla

Fimmtudagur kl 17:00 – 18:30 fyrir 7.bekk í Stekkjaskóla

Einn fimmtudag í mánuði er 7.bekkjarkvöld kl 18:30-20:30 í Zelsíuz

Unglingastig (8.- 10.bekkur)

Mánudagur kl. 19:30 - 22:00

Þriðjudagur kl. 19:30 - 22:00 í Stekkjaskóla og á Stokkseyri

Miðvikudagur kl. 19:30 - 22:00

Fimmtudagur kl. 19:30 - 22:00 í Stekkjaskóla og Hinsegin opnun í Pakkhúsinu

Föstudagar kl. 19:30 - 22:00

Miðstigsstarf 5.-7. bekkur

Miðstigsstarf Zelsíuz fer fram í hverjum skóla fyrir sig einu sinni í viku, undanskilið Stekkjaskóla. Í Sunnulækjarskóla á mánudögum, á Stokkseyri á þriðjudögum og í Vallaskóla á miðvikudögum. Í Stekkjaskóla er opið fyrir 5.-7.bekk á þriðjudögum og miðvikudögum, á fimmtudögum eru opnanir fyrir 7.bekk. Markmið með miðstigsstarfinu er að kenna krökkunum að vera í félagsmiðstöð og kynna starfshætti hennar fyrir krökkunum. Áhersla er lögð á virka þátttöku og lýðræði. Krakkarnir hafa áhrif á dagskránni í hverjum mánuði með dagskrágerðarfundum í lok mánaðar. Einnig reynum við að virkja 7. bekk með því að vera með 7. bekkjarkvöld einu sinni í mánuði í Zelsíuz. 7. bekkjarkvöldin eru í anda unglingastarfsins, opnanirnar eru á kvöldin og eru sameiginleg fyrir nemendur í Vallaskóla, Sunnulækjarskóla og BES.

Unglingastarf 8.-10. bekkur

Unglingastarfið í Zelsíuz er sameiginlegt fyrir alla grunnskóla sveitarfélagsins. Það fer fram þrisvar sinnum í viku í húsnæði félagsmiðstöðvarinnar og eru alltaf á kvöldin. Á þriðjudögum fer starfið fram á Stokkseyri og í Stekkjaskóla og á fimmtudögum fer starfið fram í Stekkjaskóla og Pakkhúsinu. Markmið er að hafa fjölbreytni í dagskrá Zelsíuz til þess að ná til sem flest. Fyrir 8. -10. bekk standa til boða hinir ýmsu klúbbar sem vinna eftir hugmyndafræði sértæks hópstarfs ásamt hinsegin opnunum fyrir unglinga sem að tilheyra hinsegin samfélaginu. Unglingaráðið skipuleggur dagskránni og hjálpar til við undirbúning á hinum ýmsu viðburðum.

Hinsegin Zelsíuz

Í samstarfi við ungmennahúsið Pakkhúsið heldur Zelsíuz úti hinsegin opnunum á fimmtudögum. Hinsegin opnanir eru fyrir ungmenni 13-17 ára. Þær fara fram í Pakkhúsinu, austurvegi 2a og eru ætlaðar fyrir ungmenni sem tilheyra hinsegin samfélaginu, eru í hinsegin pælingum eða vini sem að vilja styðja við málefnið og fræðast um hinsegin málefni. Hinsegin opnanir eru öruggur staður fyrir ungmenni til þess að vera þau sjálf. Hinsegin vika Árborgar er haldin árlega í félagsmiðstöðinni ásamt hinsegin viku Samfés á landsvísu. Ár hvert er

landsmót hinsegin félagsmiðstöðva á Íslandi, Hinsegin Landsmótið. Zelsíuz tekur þátt í annað skiptið þetta skólaárið.

Á starfsárinu mun Hinsegin Zelsíuz taka þátt í ungmennaskiptum á vegum Erasmus+. Þar fá ungmenni úr starfinu tækifæri til að hitta og vinna með hinsegin ungmennum frá Noregi.

Markmið verkefnisins er meðal annars að skapa öruggan vettvang fyrir ungmennin til að kynnast jafnöldrum með fjölbreyttan bakgrunn, deila reynslu og byggja upp tengsl þvert á landamæri. Áhersla verður lögð á hinsegin málefni, sjálfsmynd, þátttöku, inngildingu og samfélagslega stöðu hinsegin ungmenna.

Þátttaka í verkefninu gefur ungmennunum jafnframt tækifæri til að efla sjálfstæði, samskiptafærni og tungumálakunnáttu ásamt því að kynnast annarri menningu og upplifa alþjóðlegt ungmennastarf. Verkefnið styður þannig vel við markmið Hinsegin Zelsíuz um að skapa öruggt samfélag þar sem ungmenni geta verið þau sjálf, myndað tengsl og haft rödd og áhrif.

Sértækt hópastarf

Félagsmiðstöðin heldur úti fjölbreyttu hópastarfi. Stærsta hópastarfið í félagsmiðstöðinni er D&D hópastarf þar sem spilað er hlutverkaspilið Dungeons and Dragons auk annarra hlutverkaspila. Síðasta árið hafa 6 hópar verið að spila D&D einu sinni í viku í félagsmiðstöðinni. D&D hóparnir eru fyrir 7.-10.bekk. Hópur fyrir 5.-6.bekk hafa verið gerðir eftir áhuga hverju sinni.

Áhersla er á starfrækt hópastarf út frá einstaklingsúrræði félagsmiðstöðvarinnar og velferðarþjónustu, Flexinu (Sérstuðningur Zelsíuz). Það eru tveir 6-10 manna hópar sem að hittast einu sinni í viku í 1,5 tíma í senn. Þeir unglingar sem að skráðir eru í klúbbana útbúa dagskránnar í samstarfi við starfsfólk út frá áhugasviði ásamt því að starfsfólk er með fræðslu. Allir þessir hópar hafa það markmið að efla samvinnu, samskipti, félagsfærni og hvetja til vináttutengsla.

Unglingaráð

Zelsíuz heldur úti unglingaráði sem kallað er Z-ráðið. Z-ráðið er öll fimmtudagskvöld og fá þeir unglingar sem eru í Z-ráðinu það metið sem val utan skóla. Hlutverk Z-ráðsins er að útbúa dagskrá unglingastarfs Zelsíuz fyrir hvern mánuð ásamt því að skipuleggja og halda stærri viðburði og aðstoða og sjá um dagskráliði á opnunum. Unnið er eftir hugmyndafræði unglingalýðræðis og þátttökulýðræði þar sem að unglingarnir hafa áhrif á starfið í félagsmiðstöðinni.

Viðburðir

Zelsíuz heldur viðburði og tekur þátt í viðburðum á vegum Samfés, samtök félagsmiðstöðva og ungmennahúsa á Íslandi. Ákveðnir viðburðir hafa skapað sér fastan sess í starfinu í Zelsíuz á borð við Draugahús Z-ráðsins, Gistinótt Zelsíuz og Grunnskólaleikar Árborgar. Í desember-janúar er Samzel, söngkeppni Zelsíuz, þar sem að sigurvegarinn keppir í USSS, undankeppni söngkeppni Samfés á Suðurlandi. Vika 6 er nýtt á dagskrá hjá okkur en það er verkefni frá jafnréttindaskóla Reykjavíkurborg. Vikan er tileinkuð kynfræðslu og er haldin í sjöttu viku ársins. Zelsíuz tekur virkan þátt í mörgum af viðburðum Samfés svo sem danskeppni, landsmót og Samfestingnum í Laugardalshöll sem er stærsta árlega hátíð Samfés þar sem fram fara tónleikar og söngkeppni.

Flexið (Sérstuðningur Zelsíuz)

Félagsmiðstöðin og velferðarþjónusta Árborgar standa saman að verkefni sem að heitir Flexið. Barnavernd, barnateymi og skólaþjónustan vísa einstaklingum á aldrinum 10-16 ára í sérstuðninginn þar sem að honum er síðan parað saman við starfsmann í félagsmiðstöðinni. Starfsmaðurinn og einstaklingurinn hittast síðan einu sinni í viku í nokkrar vikur. Hittingarnir eru skipulagðir út frá áhugasviði einstaklingsins og er markmiðið að virkja einstaklinginn og efla félagslega ásamt því að koma honum inn í annað hvort hópastarf í félagsmiðstöðinni eða opið starf. Markvist hefur verið unnið að því að mynda hópastarf með einstaklingum sem hafa verið vísað inn í þjónustuna. Verkefnið hefur gengið gríðarlega vel síðustu ár og hlaut hvatningarverðlaun Samfés árið 2021 og Íslensku menntaverðlaunanna fyrir framúrskarandi þróunarverkefni árið 2023.

Exið

Félagsmiðstöðin í samstarfi við Vallaskóla eru að keyra skólaúrræðið Exið. Exið er hugsað sem kennsluaðferð þar sem unnið er með nemendur sem standa hallandi fæti félagslega og gefa þeim tengingu við félagsmiðstöð. Hægt er að nota formið til þess að kenna hvað sem er sem kemur lífsleikni við. „Markmiðið er að búa til umhverfi þar sem nemendur fá að þjálfa og þroska félagsfærni sína á hagnýtan máta.“ Exið er samstarfsverkefni og byggir á samstarfi skóla og félagsmiðstöðvar. Kennsla fer fram í félagsmiðstöð og í skóla samhliða. Exið hefur verið keyrt með fjölbreyttum nemendahópum með mismunandi þarfir. Bæði hefur verið unnið með það sem fastan lið í almennum bekk, sem tíma í töflu hjá sérdeild og sem námskeið fyrir sértæka hópa.

Reglur í Zelsíuz

Orkudrykkir, nikótínþúðar, rafrettur, áfengi, tóbak og önnur fíkniefni eru bönnuð í Zelsíuz ásamt vopnum og eða öðrum hlutum sem geta valdið skaða eða hræðslu. Þetta gildir líka í öllum ferðum á vegum Zelsíuz.

Berum virðingu fyrir eigum félagsmiðstöðvarinnar og hjálpumst að við að hafa snyrtilegt í kringum okkur með því að nota viðeigandi ruslatunnur

Unglingum ber að virða þessar reglur og koma fram við starfsfólk og aðra gesti í félagsmiðstöðinni af virðingu.

Brot á reglum félagsmiðstöðvarinnar getur orsakað brottvísun úr félagsmiðstöðinni og/eða haft er samband við forráðamenn þar sem viðurlög verða rædd.

Unnið er eftir verklagsreglum um viðbrögð þegar bregðast þarf við/stöðva óásættanlega og/eða skaðlega hegðun barna og unglunga í félagsmiðstöðinni Zelsíuz sem voru samþykktar af fræðslu- og frístundanefnd þann 11. september 2024

Mannauður

Í Zelsíuz starfa 13 starfsmenn, flestir í hlutastarfi. Forstöðumaður Frístundahúsa Árborgar ber ábyrgð á rekstri félagsmiðstöðvarinnar Zelsíuz og ungmennahússins Pakkhússins.

Sérfræðingur Zelsíuz er í fullu starfi og hefur umsjón með skipulagningu og framkvæmd félagsmiðstöðvarstarfsins. Verkefnastjóri Zelsíuz í Stekkjaskóla heldur utan um og skipuleggur starfsemi útibúsins í Stekkjaskóla ásamt frístundaráðgjafa. Verkefnastjóri Flexins, sérstuðnings Zelsíuz, er í fullu starfi og heldur utan um skipulag og framkvæmd sértæks frístundastarfs. Auk þess starfa tveir frístundaráðgjafar og sex frístundaleiðbeinendur í hlutastarfi við fjölbreytt verkefni Zelsíuz.

Mannauður Zelsíuz býr yfir fjölbreyttri menntun, þekkingu og starfsreynslu sem nýtist vel í starfi með börnum og ungmennum. Meðal starfsfólks eru einstaklingar með menntun í tólmstunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, iðjuþjálfun og verkefnastjórnun. Jafnframt stundar hluti starfsfólks nám samhliða starfi, meðal annars í þroskaþjálfrafræði og félagsráðgjöf. Þá eru innan starfsmannahópsins meistaranemar í félagsráðgjöf til starfsréttinda og í umhverfissálfræði.

Starfsmannahópurinn býr einnig yfir fjölbreyttri reynslu af frístunda- og æskulýðsstarfi. Stór hluti starfsfólks var sjálft virkir þátttakendur í starfi Zelsíuz á unglingsárum og hefur því góða innsýn í starfsemina og menningu hennar. Aðrir hafa reynslu af frístundastarfi hjá meðal annars Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ. Þessi fjölbreytta menntun og reynsla styrkir

faglegt starf Zelsíuz og skapar góðan grunn fyrir þverfaglegt samstarf og fjölbreytt starf með börnum og ungmennum.

Símenntun starfsfólks fer fram á starfsdögum Samfés, starfsdögum Zelsíuz ásamt miðlægum starfsdögum frístundastofnana í Árborg.

Ágúst	Fræðsludagur Fjölskyldusviðs	
Ágúst	Starfsdagar Zelsíuz	Fræðsla um verkferla ofl. í Zelsíuz
September	Starfsdagar Samfés	Fræðsla um samfélagsmiðlanotkun unglinga, veðmál ofl.
Október	Starfsdagur frístundastofnana Árborgar	
Janúar	Starfsdagur frístundastofnana Árborgar	
Janúar	Samfés con	Kynningar á verkefnum og verkfærum sem hægt er að nýta í starfi félagsmiðstöðva
Febrúar	Starfsdagar Zelsíuz	
Apríl	Sjúk ást	Fræðsla frá Stígamótum um mörk, samskipti og samþykki

Innra mat

Í Zelsíuz er unnið markvisst að innra mati í samræmi við menntastefnu Árborgar og gæðaviðmið fyrir frístundastarf. Markmið innra mats er að leggja reglulega mat á gæði starfsins, draga fram styrkleika og greina þau tækifæri sem eru til umbóta og frekari þróunar.

Innra matið byggir á gæðaviðmiðum menntastefnu Árborgar og er ætlað að gefa skýra mynd af stöðu starfseminnar hverju sinni. Við matið er meðal annars horft til faglegs starfs, þátttöku og áhrifa barna og ungmenna, starfsumhverfis, samstarfs, stjórnunar og þess hvernig starf Zelsíuz styður við markmið menntastefnu sveitarfélagsins.

Mætingu barna og ungmenna í félagsmiðstöðvarstarf Zelsíuz er haldið markvisst til hags. Skráningin nær til barna og ungmenna úr grunnskólum Árborgar og gerir kleift að kortleggja þátttöku í starfinu, fylgjast með þróun milli tímabila og greina hvort starfið nái til ólíkra hópa. Mætingagögnin eru þannig mikilvægur hluti innra mats og nýtast við skipulagningu, þróun og

mat á starfseminni. Þau geta jafnframt varpað ljósi á hvar þörf er á að efla aðgengi eða leita nýrra leiða til að ná til barna og ungmenna sem síður nýta sér starf félagsmiðstöðvarinnar.

Unnið er eftir langtímaáætlun um innra mat þar sem ólíkir þættir starfseminnar eru teknir fyrir með reglubundnum hætti. Niðurstöður matsins eru nýttar til að móta umbætur og setja fram skýr markmið og aðgerðir til áframhaldandi þróunar starfsins. Þeir þættir sem verið er að meta þetta skólaárið eru *stjórnun starfsstaðar, skipulag starfs og starfsaðstæður og starfsánægja*.

Áhersla er lögð á að innra mat sé samofið daglegu starfi Zelsíuz og nýtist sem verkfæri til fagþróunar. Með reglulegu mati, ígrundun og eftirfylgni er markmiðið að tryggja að starfsemin þróist í takt við þarfir barna og ungmenna og þau markmið sem sett eru fram í menntastefnu Árborgar.

Samstarf á fjölskyldusviði

Félagsmiðstöðin er í nánun og víðtæku samstarfi við ýmsa lykilaðila í nærumhverfinu. Þar má meðal annars nefna velferðarþjónustu, skólaþjónustu, grunnskóla sveitarfélagsins, frístundaklúbba og ungmennahúsið Pakkhúsið. Þetta samstarf er grundvöllur þess að hægt sé að styðja við fjölbreyttar þarfir barna og ungmenna og tryggja samfellu í þjónustu þeirra.

Mikil áhersla er lögð á reglulegt og markvisst samstarf við grunnskóla sveitarfélagsins. Forstöðumaður Frístundahúsa Árborgar fundar mánaðarlega með deildarstjórum unglingastiga grunnskólanna þar sem meðal annars er farið yfir stöðu og þróun mála sem snúa að unglingum, félagslífi, forvörnum og samstarfsverkefnum. Forstöðumaður kemur jafnframt inn á samráðsfundi skólastjóra þegar við á og tekur þátt í starfsmannafundum velferðarþjónustu eftir þörfum. Með þessum reglulegu samskiptum skapast mikilvæg tenging milli skóla-, frístunda- og velferðarþjónustu og aukin tækifæri til samráðs og sameiginlegra aðgerða.

Forstöðumaður Frístundahúsa Árborgar situr í forvarnarteymi sveitarfélagsins, sem er þverfaglegur samstarfsvettvangur stofnana í Árborg, lögreglu, heilbrigðisþjónustu og foreldrasamfélagsins. Forvarnarteymið fundar fyrsta þriðjudag hvers mánaðar og vinnur að samhæfingu og eflingu forvarna í sveitarfélaginu. Forstöðumaður situr einnig í aðgerðarhópi forvarnarteymisins sem fundar á tveggja vikna fresti. Hlutverk aðgerðarhópsins er meðal annars að fylgja eftir og framkvæma verkefni á sviði forvarna, vinna að forvarnarstefnu sveitarfélagsins og skipuleggja forvarnardagskrá.

Forstöðumaður tekur virkan þátt í stefnumótandi og þverfaglegri vinnu innan sveitarfélagsins. Forstöðumaður hefur meðal annars setið í ritnefnd við gerð læsisstefnu Árborgar, fulltrúi í stýrihópi um Smáskipta sáttmála Árborgar. Sérfræðingur Zelsíuz situr einnig í fjölmenningatrymi Árborgar sem vinnur að því að efla fjölmenningu í Árborg. Með þátttöku í slíkum teymum og verkefnum er sjónarhorn barna og ungmenna, sem og þekking

og reynsla úr vettvangi frístundastarfs, fléttað inn í stefnumótun og þróun þjónustu sveitarfélagsins.

Samstarf Zelsíuz og ungmennahússins Pakkhússins er náíð. Starfseiningarnar eru undir sameiginlegri stjórn og hefur það skapað góð tækifæri til samnýtingar á húsnæði, mannauði og fagþekkingu. Hinsegin starf Zelsíuz hefur meðal annars verið unnið í nánú samstarfi við Pakkhúsið og samstarfið stuðlar jafnframt að aukinni samfelli þegar ungmenni færast á milli aldurshópa og þjónustu.

Zelsíuz er einnig í nánú samstarfi við frístundaklúbbana Kotið og Klettinn, enda þjónusta einingarnar sama aldurshóp. Börn og ungmenni sem nýta þjónustu frístundaklúbbanna taka gjarnan þátt í almennu starfi og viðburðum Zelsíuz. Þegar einstaklingar sem þurfa aukinn stuðning sækja stærri viðburði á vegum félagsmiðstöðvarinnar hefur starfsfólk frístundaklúbbanna meðal annars fylgt þeim og veitt þann stuðning sem þarf til að tryggja þátttöku þeirra.

Með reglulegum samskiptum, samráðsfundum og sameiginlegum verkefnum skapast þannig vettvangur þar sem ólíkar fagstéttir vinna saman að velferð barna og ungmenna. Áhersla er bæði lögð á snemmtækan og einstaklingsmiðaðan stuðning þegar þörf er á og á almennt forvarnarstarf, félagsfærni, virkni, þátttöku og uppbyggingu jákvæðrar menningar meðal barna og ungmenna í Árborg.

Kynningar og heimsóknir

Nemendur úr 8.bekk í öllum grunnskólum Árborgar koma í heimsókn á skólatíma í upphafi skólaárs. Starfsfólk Zelsíuz kynna fyrir þeim starf félagsmiðstöðvarinnar ásamt því að þau fá tækifæri til þess að kynnast húsnæðinu. Fyrir 5.-7.bekk fara starfsmenn Zelsíuz inn í kennslustund í skólunum til þess að kynna starfið fyrir þeim.

Zelsíuz nýtir samfélagsmiðla í auglýsingar og upplýsingamiðlun til þess að ná til unglinga og foreldra. Á heimasíðunni fristundamidstod.arborg.is eru allar upplýsingar um félagsmiðstöðina aðgengilegar ásamt fréttum úr starfi.

Flakkandi Zelsíuz

Flakkandi Zelsíuz er hreyfanleg félagsmiðstöð á sumrin sem miðar að því að mæta ungu fólki þar sem það er statt, bæði í nærumhverfi sínu og á opinberum vettvangi. Starfið byggir á grunngildum félagsmiðstöðvarinnar um þátttöku, traust, fjölbreytileika og gleði, en með sérstakri áherslu á snemmtæka íhlutun og forvarnavinnu.

Flakkandi Zelsíuz hefur það hlutverk að vera sýnilegt og aðgengilegt fyrir ungt fólk utan hefðbundins félagsmiðstöðvarstarfs, meðal annars á samkomustöðum, í íbúðahverfum og við bæjarhátíðir. Markmiðið er að efla tengsl, skapa traust og tryggja að börn og ungmenni hafi öruggan aðila til að leita til ef á þarf að halda.

Starfið er unnið í nánú samstarfi við fjölmarga aðila, þar á meðal velferðarþjónustu, lögreglu og forvarnarfulltrúa Árborgar. Á hverjum mánudegi yfir sumarið eru haldnir samráðsfundir þar sem farið er yfir helgina, rætt um aðstæður og samræmd viðbrögð ef tilefni er til. Þessi samvinna stuðlar að samhæfðu verklagi, betri yfirsýn og markvissri eftirfylgni þegar ungt fólk þarf stuðning.

Á sumrin og við sérstakar hátíðir er Flakkandi Zelsíuz á ferðinni þar sem áhersla er lögð á forvarnir, tengslamyndun og jákvæða næveru í samfélaginu. Starfið hefur sannað gildi sitt í því að ná til ungs fólks sem erfitt getur verið að virkja með hefðbundnu starfi og styrkir þannig heildstæða þjónustu Zelsíuz við börn og ungmenni í Árborg.

Framtíðarsýn og þróun Zelsíuz

Í stækkandi sveitarfélagi er mikilvægt að horfa til framtíðar og þróa félagsmiðstöðvarstarf í takt við fjölgun íbúa, breyttar þarfir barna og ungmenna og áherslur sveitarfélagsins í málefnum barna.

8-viti æskunnar er nú í innleiðingu innan fjölskyldusviðs Árborgar og mun Zelsíuz taka virkan þátt í þeirri vinnu. Áherslur 8-vitans verða fléttaðar inn í starf félagsmiðstöðvarinnar þar sem við á og nýttar sem leiðarljós við áframhaldandi þróun starfsins. Mikilvægt er að innleiðingin eigi sér stað í daglegu starfi og að starfsfólk og ungmenni taki virkan þátt í að móta hvernig áherslurnar birtast í framkvæmd.

Eitt af stærstu þróunarverkefnum Zelsíuz er að færa félagsmiðstöðvarstarfið í auknum mæli inn í nærumhverfi barna og ungmenna. Fyrsta skrefið í þeirri þróun var tekið haustið 2026 með opnun útibús Zelsíuz í Stekkjaskóla. Til framtíðar er stefnt að því að Zelsíuz verði með starfsemi innan allra grunnskóla sveitarfélagsins. Þar verði meðal annars boðið upp á félagsmiðstöðvarstarf í frímínútum og hádegishléum auk aukins starfs fyrir börn í 5.–7. bekk.

Með þessari þróun skapast tækifæri til að ná fyrr til barna, byggja upp tengsl áður en þau koma á unglingsaldur og efla almennt forvarnarstarf. Sérstök sóknarfæri felast í því að styrkja starf fyrir 5.–7. bekk og skapa börnum öruggan og aðgengilegan vettvang þar sem þau geta myndað félagsleg tengsl, prófað ný áhugamál, fengið leiðsögn og eflt félagsfærni sína.

Nálægð félagsmiðstöðvarstarfsins við skólana skapar jafnframt aukin tækifæri til þverfaglegs samstarfs og snemmtæks stuðnings þegar þess er þörf.

Mikilvægt er þó að þróun útibúa í grunnskólunum komi ekki í stað miðlægrar starfsemi Zelsíuz. Miðlæg félagsmiðstöð gegnir öðru og mikilvægu hlutverki. Hún er hlutlaus vettvangur utan skólans, sem getur verið sérstaklega mikilvægur fyrir ungmenni sem af einhverjum ástæðum tengja neikvæða upplifun við skólaumhverfið. Þar skapast einnig vettvangur þar sem ungmenni úr ólíkum skólum geta hist, myndað ný tengsl og tekið þátt í sameiginlegu félagslífi þvert á skólahverfi.

Miðlæg starfsemi Zelsíuz mun því áfram gegna lykilhlutverki, þó með breyttu fyrirkomulagi samhliða uppbyggingu útibúa. Þar verður meðal annars haldið utan um hópastarf, Hinsegin Zelsíuz, sameiginlegar opnanir og stærri viðburði. Flexið og Exið verða áfram mikilvægur hluti starfseminnar og miðlæg Zelsíuz mun jafnframt gegna hlutverki í starfsþróun, fræðslu og þjálfun starfsfólks.

Með því að byggja upp öflugt félagsmiðstöðvarstarf bæði innan grunnskólanna og á miðlægum vettvangi er markmiðið að ná til breiðari hóps barna og ungmenna og mæta þeim á ólíkum vettvangi. Þannig verður Zelsíuz sýnilegri og aðgengilegri hluti af daglegu lífi barna og ungmenna, á sama tíma og varðveittur er sjálfstæður vettvangur frítímans utan skóla.

Markmiðið til framtíðar er að skapa aðgengilegt, fjölbreytt og faglegt félagsmiðstöðvarstarf sem nær til sem flestra barna og ungmenna í Árborg. Með sterkari tengslum, auknu þverfaglegu samstarfi, snemmtækri nálgun og virkri þátttöku barna og ungmenna getur Zelsíuz lagt enn ríkari grunn að félagslegri virkni, forvörnum og farsæld barna og ungmenna í sveitarfélaginu.